# Sveinbjörn og Þór á Akureyri

Sveinbjörn fór með Þór og fjölskyldunni til Akureyrar helgina 4. – 6. Nóvember 2011. Ekið var á bíl norður. Ég var að fara á fimleikamót hjá Örnu. Sveinbjörn var spenntur í bílbelti alla leiðina norður. Hann var með vini sínum Birni, í beltinu. Það var svartaþoka og myrkur á leiðinni. Sveinbjörn var glaður alla leiðina og kvartaði ekki neitt ☺



Þegar við komum í sumarbústaðinn þar sem við gistum þá háttaði Þór sig, svo háttaði hann Sveinbjörn síðan Björn og allir fóru að sofa.

Næsta dag fórum við í íþróttahúsið að sjá fimleikastelpurnar, þær voru mjög flinkar og nokkrar af stelpunum þekktu Sveinbjörn og voru hissa að sjá hann á Akureyri, þetta voru stelpur í 4. og 5. bekk í Flataskóla.

Á sunnudeginum var Sveinbjörn mjög glaður, hann fékk nefnilega að fara í jólahúsið á Akureyri. Honum fannst það skemmtilegast í ferðinni. Hann var alveg steinhissa á öllu jólaskrautinu og fannst gaman að leika jólasvein.






Sveinbjörn er góður ferðafélagi, hann er svo vel upp alinn....og er alltaf stilltur og prúður!

Takk fyrir samveruna Sveinbjörn

*Þór Guðjónsson, 2.HG (og Björn bangsi)*